



HEILSULEIKSKÓLINN
ÁLFASTEINN
-með sól í hjarta

Innra mat 2022-2023

Efnisyfirlit	
Inngangur	4
Nám, kennsla og námsumhverfi	5
Heilsustefna	5
Grænfáni	5
Jákvæður Agi	6
Læsisstefna.....	6
Umbótaáætlun.....	7
Skipulag	9
Áætlanir og skipulag.....	9
Umbótaáætlun.....	9
Mannauður	9
Starfsmannakönnun.....	9
Starfmannasamtöl.....	10
Sí- og endurmenntun	10
Nemendur	11
Teymisfundir	11
Líðan nemenda.....	11
EFI 2.....	13
Hljóm-2.....	13
MÍÓ	14
Foreldrar	14
Foreldrakönnun.....	14
Foreldraráð	15
Foreldrafélag.....	15
Sérkennsla skólaárið 2022-2023	15
Verkefni sérkennslustjóra 2022-2023	16
Umbótaáætlun.....	18

Samstarf við aðra skóla og stofnanir.....	18
Þelamerkurskóli	18
Safnaheimsóknir	19
Slökkvilið Akureyrar	19
Samvinna við velferðarsvið	19
Öryggismál	20
Lóðarskoðun.....	20
Eldvarnaráætlun og æfingar	20
Vinnuáætlaða kennara og barna	20
Lokaorð	22

Inngangur

Heilsuleiksskólinn Álfasteinn er ört vaxandi leikskóli rétt utan Akureyrar í Hörgársveit. Hann stendur ofan við þjóðveginn umlukinn trjágróðri og sveitasælu en nafn leiksskólans er dregið af bóndabænum Dvergasteini sem er norðan við Álfastein.

Leiksskólinn er þriggja deilda skóli en deildirnar eru Álfa-, Trölla- og Dvergadeild. Á Álfadeild eru yngstu börn skólans á aldrinum 1-2 ára og á Trölla- og Dvergadeild eru 2-6 ára gömul börn. Vorið 2023 opnaði svo fjórða deild leiksskólans, Ljósálfadeild en á henni verða 1-2 ára gömul börn og á Álfadeild verða 2-3 ára gömul börn. Trölla- og Dvergadeild verður því með börn á aldrinum 3-6 ára.

Fjöldi barna þennan vetur fór í 74 börn við skólann í maí, fædd 2016 -2021 og starfsmenn voru orðnir 27 í lok maí 2023 þar með talið tveir sumarstarfsmenn.

Einkunnarorð skólans eru „með sól í hjarta“ og er vísun í heilsustefnu skólans. Lögð er áhersla á bæði andlega og líkamlega heilsu þar sem hreyfing og hollt mataræði skipar stóran sess í daglegu starfi. Leiksskólinn starfar einnig eftir Jákvæðum aga en meginmarkmið Álfasteins taka mið af námssviðunum fjórum sem útlistuð eru í *Aðalnámskrá leiksskóla* (2011). Þessi markmið eru:

- Að börnin efli leik- og sköpunargleði sína (Sköpun og menning).
- Að börnin hafi virðingu og vináttu að leiðarljósi í samskiptum (Læsi og samskipti).
- Að börnin verði meðvituð og læs á náttúruna og umhverfið (Sjálfbærni og vísindi).
- Að börnin verði meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu (Heilbrigði og vellíðan).

Samkvæmt *Lögum um leiksskóla 90/2008* er leiksskólum skylt að halda utan um innra mat leiksskólastarfsins en þannig metur hver leiksskóli með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra. Mat á skólastarfi er því órjúfanlegur þáttur í faglegu starfi svo framþróun eigi sér stað. Í *Aðalnámskrá leiksskóla* (2011) kemur fram að með innra mati fær starfsfólk skólans upplýsingar um starfshætti skólans, stuðlað er að umbótum og auknum gæðum auk þess verður það liður í þróun skólastarfsins. Þegar unnið er að kerfisbundnu mati er auðveldara að greina hvað gengur vel, hvað fer miður og taka síðan ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaða.

Nám, kennsla og námsumhverfi

Heilsustefna

Álfasteinn hefur verið heilsuleikskóli síðan 2013 og starfar innan þess ramma sem því fylgir. Lögð er áhersla á bæði andlega og líkamlega heilsu þar sem hreyfing, hollt mataræði og sköpun skipa stóran sess í daglegu starfi.

Meginmarkmið stefnunnar er að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun. Börnunum er boðið upp á fjölbreytta grænmetis- og baunarétti auk þess sem það er fiskur tvisvar til þrisvar í viku. Matráður skólans sækist eftir því að kaupa matvöru úr heimabyggð og fær skólinn m.a. kartöflur, grænmeti (þegar það er til) og kjöt innan sveitarfélagsins eins og hægt er.

Í leikskólanum er hreyfing hluti af starfinu og fer starfsfólk leikskólans með börnin í skipulagðar hreyfistundir þar sem fylgst er með hreyfiþroska og færni þeirra í íþróttum en það er allt skráð í rafrænar heilsubækur. Markviss skráning í heilsubækurnar fer fram tvisvar á ári, í afmælistímanum barnsins og sex mánuðum síðar.

Matslisti fyrir heilsustefnuna er fylltur út einu sinni á ári en tilgangur hans er að meta hvernig gengur að starfa eftir heilsustefnunni, hvað gengur vel og hvað má bæta. Listinn var fylltur út af starfsfólki vorið 2023. Niðurstaða matslistans var að heilt yfir gengur vel að uppfylla þær kröfur sem stefnan setur en þeir þættir sem þarf að bæta er að hafa á boðstólum fjölbreyttari efnivið og að starfsfólk kynni sér betur þróun leiks. Einnig kom fram að starfsfólk þurfi að vera duglegra við að taka þátt í leikjum og hreyfingu með börnum inni og úti og fannst starfsfólki þörf á námskeiði um hreyfingu barna. Fram kom að auka þyrfti hvatningu á sjálfshjálpi til barna á yngri deild.

Grænfáni

Grænfáninn hefur verið hluti af stefnu skólans síðan 2007 en 2008 hlaut skólinn fyrsta grænfánann sinn. Umhverfisvitund, flokkun á rusli og nýting á fjölbreyttum efnivið er samofinn starfi skólans en unnið er markvisst að ákveðnum verkefnum sem viðkoma grænfánamarkmiðum sem sett eru fyrir hverju sinni. Börn og starfsfólk skólans taka öll þátt og ákveða í sameiningu markmið fyrir hvert skólaár og hvernig vinna á að þeim markmiðum. Veturinn 2022-2023 hefur þemað verið *Lýðheilsa*. Deildir skólans hafa unnið með það hver í sínu lagi eins og hentar hverjum hóp og í heilsuleikskóla rennur þetta dálítið saman sem er af hinu góða. Á eldri deildunum var áherslan á almenna vellíðan, rósemd og tenging við náttúruna í útiverunni. Elstu árgangarnir voru í útiskóla einn morgun í viku í skóginum

sunnan við skólann og börnin voru meðvituð um að hlúa að náttúrunni og fjarlægja rusl að eigin frumkvæði. Áfram verður unnið með lýðheilsuþemað á næsta skólaári.

Jákvæður Agi

Jákvæður agi gengur út á að aga börnin með góðvild og festu, gefa þeim valkosti, taka tillit til tilfinninga þeirra og setja í samhengi við þá hegðun sem börnin sýna. Í flestum tilfellum er barnið að reyna að koma einhverju á framfæri með hegðun sinni. Vorið 2023 var gátlisti Jákvæðs aga fylltur út af starfsfólki skólans. Starfsmenn hafa allir einhver verkfæri JA á valdi sínu og hafa jákvæð viðhorf til þessarar hugmyndafræði. Við viljum auka þátt JA í starfi með 2 – 3 ára börnum, eins og t.d. að hafa hlutverk fyrir þennan aldur, hafa barnafundi og að starfsmenn nýti þekkingu sýna og reynslu af JA meira í starfinu með þessum aldurshóp með því að nota orðaforða og verkfæri JA. Hvetja starfsfólk til að nota einveru fyrir sjálft sig sé þess þörf og vera þannig góð fyrirmynd barnanna.

Læsisstefna

Læsisstefna skólans er byggð á *Læsi er lykillinn* sem er afrakstur þróunarstarfs leik- og grunnskóla á Eyjafjarðarsvæðinu, fræðsluviði Akureyrarbæjar og Miðstöð skólaþróunar við HA. Læsisnefnd starfar við leikskólann og er henni ætlað að gera læsisstefnunni hátt undir höfði og auka sýnileik hennar í námi og starfi. Dagur íslenskrar tungu er haldin hátíðlegur hér í leikskólanum ár hvert, þá fara börnin heim með lubbabein og foreldrar skrá á þær bækur sem þau lesa fyrir börnin þá vikuna. Auk þess er á sama tíma bókavika sem felst í því að börnin mega koma með bækur að heiman og er bókum og bókalestri gert sérstaklega hátt undir höfði þessa viku. Elsti hópur leikskólans fer á Amtsbókasafnið og fær kynningu um starfsemi bókasafnsins. Mikil áhersla er á að bókstafir og tölur séu sýnileg börnunum í leikskólanum. Lögð var aukin áhersla á námsefnið „Lubbi finnur málbein“ sem er hugsað til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn. Á vorönn 2023 kom talmeinafræðingurinn Eyrún Ísfeld Gísladóttir, annar höfundur þessa kennsluefnis með námskeið sem allir starfsmenn skólans sóttu.

Komið hefur verið á samstarfi milli Þelamerkurskóla og Álfasteins hvað varðar læsisstefnuna til að samræma milli skólastiga það sem verið er að gera og þá má byggja ofan á ákveðinn grunn þegar í grunnskólann er komið. Læsisnefndir beggja skólastiganna hittust til skrafs og ráðagerða í Þelamerkurskóla haustið 2022 á gagnlegum fundi.

Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat; hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Heilsustefna	Auka fjölbreytileika efniviða. Að starfsfólk kynni sér þróun leiks. Námskeið/fyrirlestur um hreyfingu barna. Auka á sjálfshjálp 2- 3 ára barna.	Halda áfram að viða að okkur verðlausu efni með því að t.d. auglýsa eftir slíku. Kaupa inn efnivið sem vantar. Fá fræðslu um hreyfingu barna. Stjórnendur bendi á greinar um þróun leiksins og hvetji til lesturs þeirra. Vinna með sjálfshjálp í öllu starfi með 2 – 3 ára börnunum	Skólaárið 2023 – 2024	Stjórnendur	Haust 2024. Með spurningum á matsblöðum og samræðum starfsfólks	Aukin fjölbreytileiki efniviða. Starfsfólk sé meðvitað um þróun leiks. Starfsfólk hafi setið námskeið um hreyfingu barna. Að 2- 3 ára börn geti klætt sig að mestu sjálf.
Grænfáni	Að allt starfsfólk sé meðvitað og virkt í grænfánavinnu. Tengja fleiri daglegar athafnir inn í grænfánann.	Kynna betur stefnuna fyrir starfsfólki og teymi hvetji starfsfólk til skráningar á því daglega starfi sem fellur undir grænfánann. Hvetja starfsfólk til að skoða oftari heimasíðu Landverndar	Skólaárið 2023 - 2024	Grænfánanefnd og stjórnendur	Vor 2024	Að starfsfólk vinni að þeim markmiðum sem hafa verið sett
Jákvæður agi	Að stefnan sé fastur liður í starfinu. Að fleiri starfsmenn fari á grunnnámskeið JA.	Verkfæri og orðaforði JA séu gerð sýnilegri og starfsfólk minni	Skólaárið 2023 - 2024	Stjórnendur og teymi JA.	Haust 2024	Að starfsfólk sé meðvitað um að nota orðaforða og verkfæri

	<p>Nýir foreldrar fá fræðslu í JA.</p> <p>Leggja meiri áherslu á JA í starfi með 2 – 3 ára börnum</p> <p>Gera starfsfólk meðvitaðra um orðaforða og verkfæri JA.</p> <p>Að starfsfólk hafi val um einveru ef á þarf að halda.</p>	<p>hvort annað á í daglegu starfi.</p> <p>Bjóða upp á námskeið fyrir foreldra.</p> <p>A.m.k. einn starfsmaður af hverri deild fari á grunnnámskeið JA.</p> <p>Útbúa aðstöðu fyrir einveru starfsfólks.</p>				<p>jákvæðs aga.</p> <p>Starfsfólk og foreldrar séu fróðari um JA.</p> <p>Að börn frá 2 ára fari á barnafundi og fái hlutverk við sitt hæfi.</p>
Læsisstefna	<p>Að nýtt starfsfólk kynni sér námsefnið Lubbi finnur málbein og læsisstefnu Hörgársveitar og fylgi áherslum hennar í starfi.</p> <p>Að nota tákn með tali í starfi.</p>	<p>Nýtt starfsfólk kynni sér læsisstefnuna á heimasíðunni. lykilinn@akmennt.is og allt starfsfólk fylgi viðmiðum hennar sem og námsefnið Lubbi finnur málbein.</p> <p>Að starfsfólk tileinki sér tákn með tali , þrjú ný tákn sem kynnt eru á hálfsmánaðarfresti.</p>	Skólaárið 2023 - 2024.	Læsisnefnd og deildarstjórar.	Haust 2024.	<p>Að starfsfólk vinni eftir læsisstefnunni og með Lubba námsefnið í starfi.</p> <p>Starfsfólk noti tákn með tali í starfi með börnunum.</p>

Skipulag

Áætlanir og skipulag

Gefin eru út dagatöl fyrir hvern mánuð og send á foreldra þar sem hægt er að fylgjast með starfinu hverju sinni. Þar koma fram viðburðir mánaðarins svo sem uppákomudagar, starfsmannafundir og námskeiðsdagar. Skóladagatal er gefið út að vori, þar sem hægt er að sjá lokunardaga og uppákomudaga og er það einnig aðgengilegt inn á heimasíðu skólans auk þess sem það hangir uppi í skólanum. Foreldrafélagið ásamt sveitarstjórn samþykkir að vori skóladagatalið fyrir næstkomandi skólaár.

Haldið er úti *Facebook* síðu þar sem sagðar eru fréttir af starfinu og tilkynningar en einnig er hver deild með sinn hóp á *Facebook* þar sem foreldrar fá nánari upplýsingar um starf deildarinnar. Vorið 2023 óskaði foreldraráð eftir breytingum á framsetningu upplýsinga, vildi fá upplýsingar um starfið og tilkynningar í tölvupósti.

Búin er til matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem tekið er fram hvað skal meta yfir árið og þannig haldið utan um mikilvæga þætti auk þess sem hún er sýnileg starfsfólki skólans.

Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat: hvenær, hvernig	Viðmið um árangur
Facebook	Minnka notkun facebook. Auka upplýsingaflæði til foreldra í tölvupósti	Senda vikulega fréttabréf	Veturinn 2023-2024.	Deildarstjórar	Vor 2024 með könnun til foreldra.	Upplýstari og ánægðari foreldrar

Mannauður

Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var ekki lögð fyrir þetta skólaár en verður næst lögð fyrir vorið 2024.

Starfmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári. Skólastjóri bauð upp á starfsmannasamtöl vorið 2023, í ár voru samtölin í formi göngutúra um nágrenni leikskólans. Lagðar voru fyrir þessar þrjár spurningar: Hvernig líður þér í starfi? Hvernig ganga samskipti þín við samstarfsfólk, börn og foreldra? Hvernig sérðu næsta skólaár fyrir þér?

Almenn ánægja var og í flestum tilvikum var starfsfólk ánægt með samskipti sín við aðra í leikskólanum. Tilhlökkun var hjá starfsfólki að opna nýja deild svo hægt verði að aldurskipa barnahópnum meira á næsta skólaári og að auki að fá meira fermetrapláss fyrir alla. Fólk kvartaði talsvert um þrengsli þegar leikskólinn var orðinn fullsetinn og fannst full mörg börn á deildum. Starfsfólk var spennt fyrir að fá sérkennsluherbergi og stærri starfsmannaaðstöðu þar sem aðgreint væri fundarherbergi og kaffistofa. Starfsfólki fannst lýjandi að halda fullri starfsemi gangandi í framkvæmdum sem eru búnar að taka mörg ár. Starfsfólki hlakkaði til að fara í námsferð til Finnlands, sem farin var í apríl.

Sí- og endurmenntun

Skólaárið 2022-2023 voru fjölbreytt námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsfólk skólans.

Allt starfsfólk sat fyrirlestur hjá Sesselju Sigurðardóttir um frjálsan leik og sköpun.

Eyrún Ísfold Gísladóttir var með Lubbanámskeið fyrir allt starfsfólk. Tveir starfsmenn fóru á grunnnámskeið jákvæðs aga. Tveir deildarstjórar fóru á námskeiðið að stjórna jafningjum.

Eftirfarandi námskeið á vegum Menntafléttunnar sótti hluti starfsfólk;

Náttúruvísindi, tækni og málörvun í leikskóla, Fyrstu skrefin í leikskólanum, Stærðfræði í umhverfi leikskólabarna, Vísindasmiðjur fyrir yngstu börnin. Starfsfólk yngstu deildar sóttu á námskeiðið Leikrýmið og efniviður.

Næstum allir starfsmenn fóru í námsferð til Finnlands, þar sem leikskólar voru skoðaðir, skoðað var Barnamenningarhús Finna og fræðst um starfsemina þar. Einnig fengum við kynningu á norræna bókaorminum og sögugerð. Allt starfsfólk fékk rafrænan fyrirlestur um orðaleik og fjöltyngd börn í leikskóla. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri gerðu sér ferð til Reykjavíkur og skoðuðu ungbarnaleikskóla þar sem hér var fram undan opnun slíkrar deildar.

Nýtt starfsfólk fékk fyrirlestur um bragðlaukaþjálfun og Mio skimunarefnið. Stjórnendur sátu fyrirlestur um rafræna heilsubók á Teams.

Nemendur

Teymisfundir

Teymisfundir eru haldnir þegar þurfa þykir eða við úrvinnslu ákveðinna mála og koma þá fleiri að þeim fundum líkt og sérkennslustjóri, skólastjóri, starfsfólk frá fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrarbæjar auk velferðarsviðs.

Líðan nemenda

Til að fá fram viðhorfi barnanna til skólastarfsins var spurningakönnun lögð fyrir tvo elstu árganga leikskólans, alls 27 börn á tveimur deildum. Sami kennarinn spurði þau einslega þessara 5 spurninga í maí og júní 2023.

1. Hvernig líður þér í leikskólanum
2. Hvað finnst þér skemmtilegast og leiðinlegast
3. Hvaða matur finnst þér bestur og verstur
4. Hvað á kennarinn að gera í leikskólanum
5. Áttu vini í leikskólanum?

Samantekt:

Fyrsta spurning. Hvernig líður þér í leikskólanum ? Líðan barnanna er almennt góð, í 2017 árganginum svara 12 „vel“ og 2 „oftast vel“ og „bara vel nema þegar einhver meiðir mig.“ Í 2018 svara 12 börn „vel“ og 1 barn „vel, en stundum ekki þegar einhver er að meiða mig.“

Önnur spurning. Hvað finnst þér skemmtilegast og leiðinlegast í leikskólanum?

Skemmtilegast: Að leika sér, skorar hæst hjá báðum árgöngum. Í **2017** skorar útileikurinn hæst með 5 atkvæði en fast á eftir fylgir leikur við vini, íþróttir og föndur með 3 hvert og útiskóli, perlur, val og einleikur fá svo 1 hvert.

Leiðinlegast: „Ekkert leiðinlegt“ og „þegar einhver meiðir mig“ fengu 3 atkvæði hvort. „Einhver segir ljótt við mig“ og „einhver er að rífast við mig“ eitt hvort og sama gildi um svörin „að troða mér í snjógalla“, „vera hjá skólastjóranum og sjá vini mína þar“, „fara í söngstund“, „bíða í röð“, „meiða sig“, og „fara heim.“

Í 2018 er útiveran líka vinsælust með 8 atkvæði, síðan er það kubbaleikur með 5 atkvæði, að perla kemur næst með 4, að lita fær 4, leikur með vini 2 og íþróttir, föndur, lest og dúkkukrókur 1 hvert.

Leiðinlegast: 8 af 12 börnum fannst bara ekkert leiðinlegt sem þau gerðu í skólanum. 2 nefndu „þegar einhver er að meiða.“ „Að vera úti í rigningu,“ „að labba lengi,“ „þegar einhver er að meiða og frussa“ og „þegar einhver kallar mig kúk“ fengu hvert eitt atkvæði.

Priðja spurning. Hvaða matur finnst þér bestur og verstur?

Besti maturinn: 2017 árgangurinn nefndi oftast bleikan fisk, 5 atkvæði og tortillur og lasagnja með kjöti fá 4 atkvæði hvort og kjúklingur 2. Kjöt, kjötsúpa, gúllas, plokkfiskur, hvítur fiskur og allur fiskur fá 1 atkvæði hvert og sama gildir um hafragraut, grjónagraut, pylsur, rúgbrauð, Boggubrauð, melónur, og rúsínur.

2018 árgangurinn nefndi oftast steiktan fisk, 3 atkvæði, grjónagrautur og bleikur fiskur fengu 2, og allur matur 2. Kjúklingur, tortillur, plokkfiskur, lambakjöt, kjötsúpa, hakk og spaghetí, pasta, fiskibollur, hrökkbrauð fengu 1 atkvæði hvert.

Versti maturinn: Í 2017 árganginum nefndu 5 börn ekkert, grænmetislasagnja fékk 4 atkvæði, hvítur fiskur 2, bleikur fiskur, grænmetisbuff, hafragrautur, maltbrauð og laukur fengu 1.

Í 2018 árganginum voru 6 sem nefndu ekkert, steiktur fiskur, kássur, Boggubrauð, tómatar, laukur og gulrætur, paprika, appelsínur og ananas fengu 1 atkvæði hvert.

Fjórða spurning. Hvað á kennarinn að gera í leikskólanum?

Í 2017 árganginum nefndu 4 að þeir ættu að „passa börnin“ t.d. að þau færu ekki heim úr útiskólanum og að enginn meiddi mann. 4 sögðu að þeir ættu að „kenna börnunum“, t.d. að föndra, vera stillt og segja börnunum hvað þau ættu að gera. 1 sagði að þeir „segðu krökkunum að fara í skólahópstíma, íþróttir og fara í röð“. Að „mála með krökkunum“, „knúsa þá“, „hugga þann sem meiddi“, „vera úti“, „borða með okkur“ og „fara með okkur út að leika“ fékk allt eitt atkvæði. „Að þeir ættu ekki að taka fast í handlegginn“, „færu í undirbúning“ og „að þeir spjölluðu við aðra kennara“ fékk líka 1 atkvæði hvert.

Í 2018 árganginum, gátu 3 ekki nefnt neitt sérstakt og 3 sögðu „að þeir töluðu við hina kennarana og færu inn á kennarastofu“. 2 sögðu „að þeir ættu að stjórna, börnin að hlusta og hlýða“ og aðrir tveir nefndu „að fara með börnin í íþróttir“. Að „lesa fyrir börnin“, „gera

eitthvað fyrir þau“, „fara með þau á barnafund“, „kenna þeim að mála með vatnslitum“, „hjálpa litlu krökkunum“ og „passa að enginn sé að meiða mann“ fékk allt 1 atkvæði.

Fimmta spurning. Áttu vini í leikskólanum?

Í 2017 árganginum nefndu börnin 2-8 vini langflesta úr sínum árgangi og mest af sinni deild.

Í 2018 árganginum var fjöldinn frá 3-5 en 3 börn sögðu að það væru allir, eða næstum allir vinir sínir. 2 börn voru ekki nefnd.

Í heilsubók barnanna er spurningablað fyrir hvert ár þar sem börnin eru spurð út í skólastarfið og lesa má á milli línanna þar hvernig líðan barns í leikskólanum er. Einnig er talað um líðan og rætt við börnin á barnafundum sem er hluti af jákvæðum aga en þar talar eitt barn í einu og hin hlusta en málefni hvers fundar er fjölbreytt og fer eftir þroska og getu barnanna.

EFI 2

Öll börn leikskólans eru skimuð með málþroskaprófinu EFI-2 en prófinu er ætlað að greina ef frávik eru í málþroska. Prófið kannar skilning og tjáningu og eru börnin á bilinu 3,6 til 4,0 ára þegar prófið er tekið. Kennarar þurfa á réttindanámskeið til að mega leggja prófið fyrir.

Niðurstöður þessa skólaárs sýndu að flest börnin komu vel út líkt og hefur verið undanfarin ár. Unnið er markvisst með þau börn sem þarf að styrkja í skilning og tjáningu og þeim vísað til talmeinafræðings í málþroskapróf eftir því sem þörf er á.

Hljóm-2

HLJÓM-2 er aldursbundin skimun til að athuga hljóð- og málvitund elsta árgangs leikskólabarna. Þegar hún er lögð fyrir þurfa börnin að vera orðin 4 ára, 9 mánaða og 16 daga og ekki eldri en 6 ára, 1 mánaða og 15 daga. Niðurstöður eru reiknaðar út frá nákvæmum aldri barnsins og gefa til kynna góða færni, meðalfærni, slaka færni eða mjög slaka færni. Aðaltilgangur HLJÓM-2 er að finna sem fyrst þau börn sem eru með frávik í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með snemmtækri íhlutun og draga þannig úr áhættu á lestrarerfiðleikum síðar meir. Með þjálfun hljóðkerfisvitundar byggjum við góðan grunn fyrir lestrarnám og almennt námsgengi og því er mikilvægt að fylgjast vel með framvindu hvers og eins. Þættirnir sem metnir eru í HLJÓM-2 eru: rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging. HLJÓM-2 er lagt fyrir í september og þau börn sem koma út með slaka eða mjög slaka færni eru skimuð aftur í febrúar. Þau börn þurfa auka þjálfun í hljóðkerfisvitund ýmist einstaklingslega eða í hópi. Haustið 2022 var HLJÓM-2 lagt fyrir 13 börn, fimm komu út í góðri færni, fimm í meðalfærni, tvö slakri og eitt í mjög

slakri færni. Unnið var með þættina sem prófaðir eru í HLJÓM-2 bæði í einstaklingsvinnu og í hópstarfi frá september og fram í febrúar, var þá HLJÓM -2 aftur lagt fyrir þau börn sem að hausti komu út með slaka eða mjög slaka færni og höfðu þau öll færst upp um eitt færni skema, tvö í meðalfærni og eitt í slaka færni.

MÍÓ

MÍÓ er skimunarefni í stærðfræði fyrir leikskóla sem fer fram í daglegu starfi skólans. Hvert barn er skimað þrisvar á leikskólagöngu sinni og tekur matið til þriggja meginviða stærðfræðinnar sem eru þrautalausnir, rúmfræði og talning og fjöldi. Skólaárið 2022 – 2023 var stærðfræði hluti af hópstarfi á Dvergadeild og Trölladeild, börnin fóru vikulega í stærðfræði, í 6 aldursskiptum hópum. Unnið var með ákveðið þema í tvo mánuði í senn, í sept. – okt. var áhersla á talnaskilning og liti, nóv. – des. var áhersla á formin, í jan. og feb. var áhersla á hugtakaskilning, í mars – apríl var áhersla á mynstur og klukku, í maí var áhersla á útstærðfræði. Efniviður í tímum var fjölbreyttur og tengdist áhersluþáttum í hvert sinn. Börnin voru oftast mjög áhugasöm í stærðfræðitímum og áhugavert að sjá börn alveg niður í tveggja ára uppgötva stærðfræðina og vinna með ýmiskonar efnivið á sinn hátt.

Foreldrar

Góð samvinna við foreldra er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og eiga foreldrar að fá að hafa áhrif á starfið. Við upphaf skólagöngu er aðlögunarsamtal en þá hittir deildarstjóri foreldra verðandi skólabarna, fyllir út pappíra um barnið og segir frá starfi leikskólans, kynnir foreldra fyrir starfsfólki deildarinnar og sýnir þeim skólann. Deildarstjóri eða hópstjóri hittir foreldra aftur um þremur mánuðum eftir að barnið byrjar í leikskólanum, þá er rætt hvernig aðlögun hefur gengið og hver upplifun foreldra og kennara er.

Foreldrar eru eftirleiðis boðaðir í foreldrasamtal í afmælimánuði barnsins og þá er farið yfir heilsubókina, almenna líðan og annað sem foreldrar og/eða kennari telja þörf á.

Ef þörf er á eru foreldrasamtöl oftast yfir árið og foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun er lögð fyrir foreldra annað hvert ár, á oddatöluári. Tekin var ákvörðun í haust taka upp nýjan hátt þegar kemur að foreldrakönnun og notast við skólapúlsinn og var því foreldrakönnun lögð fyrir að vori 2022. Ástæða breytinga var að vegna fjölgunar barna við skólann, nýrra foreldra og stækkunar skólans yrði könnunin marktækari á stöðu skólans í lok skólaárs, þegar reynsla yrði komin á starfið.

Foreldrakönnunin fór fram að vori 2022 líkt og fram hefur komið og var henni skipt upp í fimm þætti auk opinna spurninga. Heilt yfir kom könnunin vel út þar sem við fengum hátt skor í flestum matsþáttum en helst mættum við bæta okkur í matsþættinum „samskipti við foreldra“ en þar kom fram að foreldrar upplifðu að upplýsingamiðlun mætti vera betri. Við höfum nú þegar lagst í aðgerðir til að bæta þann þátt. Almenn hrósuðu foreldrar starfinu á leikskólanum og töluðu um að fjölbreytni væri mikil. Þeim fannst starfsfólk hafa gott viðmót og mikinn metnað fyrir starfinu. Ánægja var með matseðil leikskólans. Nokkrir foreldrar töluðu um að það væri gaman ef kennarar gætu gefið sér meiri tíma í spjall um barnið þegar það er að koma eða fara. Einnig mætti senda heim meira af myndum og auka upplýsingaflæðið um hvað börnin eru að gera hverju sinni. Foreldrar eru mjög ánægðir með tónlistarkennarann frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar sem kemur 1x sinni í viku og er með tónlistarstund fyrir tvo elstu árgangana.

Foreldraráð

Haustið 2008 var stofnað foreldraráð í samræmi við ný leikskólalög IV. kafla 11. grein og eru foreldraráðsmenn jafnframt stjórnarmenn foreldrafélagsins. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, smb. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag

Við leikskólann Álfastein er starfandi foreldrafélagið Álfavinir. Markmið foreldrafélaga er að efla tengsl foreldra við starf leikskólanna og tryggja velferð barnanna sem best. Allir foreldrar/forráðamenn barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrafélagsgjald er innheimt með dvalargjaldi leikskólans og er 300 kr. á mánuði í 11 mánuði á ári. Aðalfundur foreldrafélagsins fór fram haustið 2022 samhliða kynningu á starfinu þar sem fráfari stjórn skilaði af sér skýrslu fyrir veturinn og sá um stjórnarstörf á fundinum, en einnig var kosin ný stjórn sem tók við fyrir komandi vetur.

Sérkennsla skólaárið 2022-2023

Í vetur var staða sérkennslustjóra 50% fram að áramótum en frá 1. janúar 2023 var aukið við hana vegna aukinna verkefna og er hún núna 75% staða. Frá haustinu var stuðningur við

Dvergadeild vegna barna sem þurfa aðstoð í daglegu lífi eða eru með fleiri tungumál en íslensku og fullur stuðningur við barn á Álfadeild sem síðar á tímabilinu fluttist yfir á Dvergadeild, samtals 2 stöðugildi. Í sérkennsluteyminu voru 3 starfsmenn sem sinntu þessum verkefnum, einn þeirra var í stöðu sérkennslustjóra auk stuðnings á deild, hinir tveir sáu um fullan stuðning við barn auk stuðnings á deild.

Vegna aukins barnafjölda á Dvergadeild hefur sérkennsluherbergið verið notað fyrir barnahóp á matmálistímum og til að sofa í hádeginu. Sú aðstaða er því ekki til taks fyrir sérkennslu á þeim tímum. Nýtt sérkennsluherbergi verður í nýbyggingu sem við fáum sumarið 2023.

Verkefni sérkennslustjóra 2022-2023

- Gerð áætlana og einstaklingsnámskráa, endurmat á þeim.
- Vinna við athuganir, tilvísanir, fundargerðir og ýmsar skýrslur tengdar sérkennslumálum
- Fræðsla og ráðgjöf til kennara sem sinna börnunum í daglegu lífi.
- Ráðgjöf og samstarf við foreldra
- Samstarf við stjórnendur leikskólans (leikskólastjóra og deildarstjóra)
- Samskipti við sérfræðinga á Fræðslu- og lýðheilsusviði Akureyrar og samstarf við aðra sérkennslustjóra
- Samskipti við sérfræðinga á Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins
- Samskipti við sjúkrapjálfa og iðjuþjálfara á Bjargi
- Samskipti við talmeinafræðinga
- Umsjón með námsefni sem tengjast sérkennslu
- Sótti samráðsfundi vegna ÍSAT-verkefnisins (íslenska sem annað tungumál)
- Kynnti sér ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, sérstaklega hlutverk og skyldur tengiliðar í samþættingu.
- Sérkennsla (málörvun, þjálfun) fyrir einstök börn
- Sat í teyllum leikskólans um læsi í leikskóla og Jákvæðan aga.

Frá hausti 2022 til vors 2023 hafði sérkennslustjórinn einhver afskipti af 26 börnum sem gerir rétt tæplega 38% af heildarfjölda barna á Álfasteini eins og hann var í byrjun maí 2022 en þá voru þau 69 talsins. Þetta er nokkuð hærra hlutfall en árið áður og einnig fleiri mál sem kröfðust meiri tíma en á fyrri árum. Flest þurfa börnin á málörvun og/eða framburðarþjálfun

að halda, 2 börn eiga annað foreldri af erlendum uppruna og 3 börn eru að læra íslensku sem annað tungumál.

Alls voru 3 börn sem sóttu þjónustu talmeinafræðinga, tvö börn fóru í sjúkrapjálfun og annað þeirra hitti að auki iðjuþjálfna. Nokkuð færri börn fengu þjónustu talmeinafræðinga en árið áður en það er vegna þess að talmeinafræðingurinn sem kom í leikskólann þann vetur gerði það ekki nú í vetur og biðlistar hjá talmeinafræðingum eru langir.

Sérkennsluráðgjafi Fræðslu- og Lýðheilsusviðs Akureyrarbæjar hefur komið að málum fjögurra barna með ráðgjöf til okkar og foreldra barnanna og sat reglulega teymisfundir vegna þriggja þeirra. Skrifuð voru þrjú bréf til grunnskóla vegna barna sem hafa verið með einhverja aðstoð í leikskólanum en eru að fara í grunnskóla haustið 2023 og skilafundir haldnir vegna þeirra sem óskað var eftir því.

Tilvísanir frá hausti 2022 til maíloka 2023 urðu 11 talsins sem er töluverð aukning frá fyrri árum. Ástæður tilvísana voru aðallega vegna málþroska og framburðar eða til að athuga með ADHD eða einhverfueinkenni, þ.e. til talmeinafræðinga eða í sálfræðilega greiningu. Bréf sem við sendum frá okkur m.a. til Barnaverndar og til grunnskóla þeirra barna sem fengu sérstaka aðstoð í leikskóla urðu átta talsins sem er örlítill aukning frá fyrra ári.

Ný verkefni sem við tókum þátt í, tengjast sérkennslumálum og sérkennslustjóri hefur sinnt urðu tvö þennan veturinn:

- ÍSAT (íslenska sem annað tungumál) er verkefni sem Akureyrarbær hefur byrjað á og bauð okkur að vera með í teymi en þar situr einn fulltrúi frá hverjum leikskóla og teymið hittist ca einu sinni í mánuði. Þar er rætt almennt um málefni barna sem hafa íslensku sem annað mál, hægt að ráðfæra sig við hópinn og verkefni unnin sameiginlega, t.d. var í vetur unnið að móttökuáætlun leikskóla vegna barna sem eru af erlendu bergi brotin.
- Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna (farsældarlögin) tóku gildi 1. janúar 2022 og er vinna við innleiðingu nú í fullum gangi. Leikskólastjóri og sérkennslustjóri eru tengiliðir leikskólans og það hefur farið nokkur tími í að kynna sér lögin og þá sérstaklega hlutverk tengiliða. Rafræn námskeið og fundir tengdir þessari innleiðingu hafa verið nokkrir í vetur og einnig hefur verið rætt um lögin og útfærslu þeirra t.d. meðal sérkennslustjóra.

Umbótaáætlun

- Stefnt er að frekari aukningu á starfshlutfalli sérkennslustjóra og betri vinnuaðstöðu með nýju sérkennsluherbergi. Þá verður hægt að sinna betur markvissri málörvun og annarri þjálfun maður á mann.
- Haustið 2023 er ætlunin að endurskoða verkferla sérkennslumála ásamt skipulagi sérkennslunnar og vinnu sérkennsluteymis vegna stækkandi leikskóla í samráði við stjórnendur leikskólans.
- Kynna ferli sérkennslumála fyrir foreldrum og starfsfólki á kynningarfundum og starfsmannafundi.
- Efla upplýsingaflæði um sérkennslumál inn á deildir, t.d. með því að sérkennslustjóri verði reglulega á deildarfundum og/eða eigi fasta samtals tíma með deildarstjórum.

Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Þelamerkurskóli

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst. Flest börnin fara í Þelamerkurskóla þegar leikskóladvöl lýkur og því höfum við í samvinnu við Þelamerkurskóla skipulagt samstarf milli skólanna. Á haustönn funduðu kennarar elstu barna leikskólans með 1. bekkjar kennurum Þelamerkurskóla og skólastjórum beggja skóla og röðuðu niður heimsóknnum vetrarins.

Veturinn 2022-2023 fór elsti árgangurinn í hefðbundnar heimsóknir í Þelamerkurskóla skoðaði skólann, tók þátt í útiskóla, íþróttatíma, bekkjarkennslu, hitti „skólavinina“ sína borðuðu hádegismat í skólanum. Á vorönninni komu nemendur 1. og 2. bekkjar í heimsókn í leikskólann og tóku þátt í leik og starfi með elsta árganginum. Elstu börnunum var boðið á generalprufu árshátíðar Þelamerkurskóla og í maí fara þau með foreldrum sínum í heimsókn í skólann. Á skólaslitum grunnskólans bjóða eldri bekkingar og skólastjóri þau svo formlega velkomin sem verðandi grunnskólabörn næsta haust.

Safnaheimsóknir

Elstu börnin sáu jólasýningu Minjasafnsins og fóru tvær ferðir á Listasafnið. Þau heimsóttu Iðnaðarsafnið og einnig Amtbókasafnið. Í öllum þessum heimsóknum fengu þau góðar móttökur og höfðu gagn og gaman af.

Slökkvilið Akureyrar

Slökkvilið Akureyrar hefur um árabíl veitt elstu börnum leikskólans fræðslu um eldvarnir. Eldvarnarfulltrúi kemur í heimsókn að hausti ásamt slökkviliðsmanni í fullum skúða á slökkviliðsbíl. Börnin fá að skoða slökkviliðsbílinn, sagt er frá mikilvægi eldvarna og þeim afhent efni sem nýtist til innra eftirlits í eldvarnarmálum á leikskólanum. Börnin sinna innra eftirliti með aðstoð Loga og Glóðar, það felst í því að börnin (tvö börn í mánuði ásamt kennara) fara með gátlista um leikskólann og merkja við hvort allt sé eins og það á að vera, athuga hvort ljós lifi við neyðarútgang, ruslasöfnun sé í lágmarki og ekkert sé fyrir neyðarútgöngum. Að vori fara elstu börnin ásamt kennara í heimsókn á Slökkvistöðina á uppskeruhátíð þar sem eru grillaðar pylsur og sprellað með börnunum. Að þessu sinni var farið var í maí 2022 og skemmtu börnin sér vel þrátt fyrir óspennandi veður þann daginn.

Samvinna við velferðarsvið

Hörgársveit er í samvinnu við velferðarsvið Akureyrarbæjar og kemur starfsfólk frá velferðarsviði í leikskólann og veita ráðgjöf og leiðbeiningar til skólastjóra og starfsfólks.

Elva Haraldsdóttir er yfir sérkennslumálum en hún kemur reglulega í skólann og veitir ráðgjöf. Einnig kemur hún í heimsóknir þar sem hún er inn á deildum að fylgjast með ákveðnum börnum og gefur síðan ráð eða leiðbeiningar til sérkennslustjóra hver næstu skref eru ef þau þarf að taka.

Erna Ingvarsdóttir hittir leikskólastjóra og veitir faglega ráðgjöf hvað varðar stjórnun og skipulag.

Sesselja Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi, kemur í skólann og metur almennt starf og gefur leiðbeiningar bæði hvað er gott og hvað má betur fara. Veturinn 2022 – 2023 kom hún þrisvar og var einn morgun á hverri deild. Heilt yfir var hún ánægð með starfið og starfsfólk, nefndi hvað börnin væru örugg og rólegt væri yfir skólanum sem er mjög jákvætt.

Öryggismál

Húsvörður Hörgársveitar sér um rekstrarskoðun á útileiksvæði leikskólans á þriggja mánaða fresti. Einu sinni á ári fer fram aðalskoðun á útileiksvæði leikskólans sem framkvæmd er af starfsmanni BSI, samkvæmt reglugerð 942/ 2002 um öryggi leikvallatækja. Að þessu sinni var gerð athugasemd vegna vöntunar á merkingum á tækjum og vöntunar á rekstrarhandbók. Einnig vantaði tappa á skráfur og laga þurfti hæð á rólusætum. Annars eru leiktæki á útisvæði flest ný eða nýleg og fékk því lóðin góða skoðun að öðru leiti. Starfsmaður frá Eldvarnareftirliti skoðar húsnæði leikskólans að hausti ár hvert, þá er skoðað hvort slökkvitæki og eldvarnarteppi séu í lagi, neyðarljós séu virk og neyðarútgangar séu opnir. Í húsinu er brunaviðvörðunarkerfi sem tengt er Securitas en það er yfirfarið af Ljósgejfanum einu sinni á ári ásamt neyðarljósum. Starfsmaður frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra kemur einu sinni á ári í leikskólann og skoðar húsnæði, húsbúnað skólans og útileiksvæði.

Einn starfsmaður skólans er kosinn öryggisvörður og sér hann um að allt sé til fyrirmyndar líkt og skipurit um flóttaleiðir ef eldur kviknar, skipurit um verkferla þegar áföll koma upp og fleira sem við kemur öryggi starfsfólks og barna í húsinu.

Lóðarskoðun

Líkt og fram kom hér að ofan fer húsvörður sveitarfélagsins yfir lóðina á þriggja mánaða fresti en einnig fer starfsmaður skólans á hverjum degi og yfirfer lóðina hvort eitthvað rusl eða annað sem talist gæti verið skaðlegt fyrir börnin sé á lóðinni. Í forstofu eldri deilda hangir uppi blað sem sá starfsmaður skráir á hvort lóðin hafi verið skoðuð og ef eitthvað fannst á lóð hvers kyns það var.

Eldvarnaráætlun og æfingar

Einu sinni á ári er haldin brunaæfing, þá fer brunabjalla leikskólans í gang og öllum er skylt að drífa sig út líkt og um alvöru eld væri að ræða. Það fer eftir staðsetningu í húsi á hvaða svæði hver og einn fer (samkvæmt brunaáætlun) Eftir að æfingu er lokið, er metið hvernig til tókst og hvort þörf sé á úrbótum.

Vinnuaðstaða kennara og barna

Vinnuaðstaða kennara og barna var í þrengri lagi þennan veturinn, þar sem leikskólinn var fullsetinn. Í maí bættist við ný ungbarnadeild, barnafjöldinn dreifðist þá á meira rými. Í júlí var stærri vinnuaðstaða og kaffistofa tekin í notkun og bætti það mikið aðstöðu kennara.

Einnig fengum við aftur sér aðstöðu fyrir sérkennslu og sér herbergi fyrir fundaraðstöðu.
Mikil ánægja er meðal starfsfólks og barna með þessa rúmgóðu aðstöðu.

Lokaorð

Veturinn bar keim af framkvæmdum vegna stækkunar skólans eins og undanfarin ár hafa gert, en segja má að framkvæmdir hafi staðið samfleytt sl. 5 ár með örfárra mánaða hléum inn á milli. Við sem unnið höfum við skólann til margra ára þekkjum orðið vel það áreiti og álag sem fylgir slíkum framkvæmdum. Starfsfólk er því ákaflega glatt með að nú sé byggingaframkvæmdum loks lokið þó vaxtaverkir vegna stækkana síðustu ára muni fylgja okkur eitthvað áfram. Það er mikið þróunarstarf sem fylgir því að opna nýja deild, fjölga börnum og starfsfólki og kallar á ýmsar skipulagsbreytingar sem er lærdómsríkt fyrir alla. Starfsfólk horfir spennt til næstu ára og hlakkar til að halda áfram að þróa gott starf á fjöggra deilda skóla.